



Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2007**

Ársskýrsla 2007  
© Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30  
Pósthólf 8100  
128 Reykjavík  
2008/02

Ljósmyndir: Gunnlaugur Júlíusson  
Ingibjörg Hinriksdóttir  
Magnús Karel Hannesson

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Prentun: Prentsmiðjan Oddi

## INNGANGUR

Alþingiskosningarnar, aðdragandi þeirra og það sem á eftir fylgdi settu ákveðið mark sitt á starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2007.

Fimm einstaklingar úr stjórn sambandsins náðu kjöri til Alþingis í kosningunum sem fram fóru 12. maí. Í framhaldi þess tóku varamenn þeirra sæti í stjórninni en varamenn þessara nýju aðalmanna í stjórninni verða ekki kosnir fyrr en á landsþingi sambandsins á árinu 2008.

Ný ríkisstjórn var mynduð í framhaldi alþingiskosninganna og tók hún þá ákvörðun að flytja málefni sveitarfélaganna frá félagsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins. Sú ákvörðun kom þó ekki til framkvæmda fyrr en við áramótin 2007–2008.

Í aðdraganda myndunar nýrrar ríkisstjórnar sendi sambandið hlutaðeigandi aðilum upplýsingar um áherslur sínar í ýmsum málum er varða sveitarfélögin og samskipti ríkis og sveitarfélaga. Einnig var ráðherrum þeirra ráðuneyta, sem sambandið hefur hvað mest

samskipti við, boðið til sérstakra kynningarfunda þar sem farið var yfir helstu áherslur þess í þeim málum sem heyra undir hlutaðeigandi ráðuneyti. Jafnframt var fundað með fleiri ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Á fyrri hluta ársins var, að frumkvæði sambandsins, hafin vinna við endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála í samræmi við niðurstöður landsþings sambandsins á árinu 2006. Sú vinna gekk þó hægar en vænst var. Vera kann að ríkisstjórnarskipti og breytingar á verkefnum stjórnarráðsins eigi þar nokkurn hlut að máli.

Í ársskýrslu þessari er langt í frá að fram komi tæmandi upplýsingar um allt það sem fengist var við á vettvangi sambandsins á árinu 2007. Eigi að síður birtist hér nokkuð glögggt yfirlit um helstu þætti starfseminnar á því ári.

Ársskýrslan verður jafnframt birt á upplýsinga og samskiptavef sambandsins, [www.samband.is](http://www.samband.is).

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

## Nýtt Alþingi og ný ríkisstjórn

Alþingiskosningarnar 12. maí og myndun nýrrar ríkisstjórnar í framhaldi þeirra settu með ýmsum hætti mark sitt á starfsemi sambandsins á árinu 2007. Í kosningunum voru fimm stjórnarmenn í framboði til Alþingis og náðu allir kjöri. Í aðdraganda kosninganna og vegna myndunar nýrrar ríkisstjórnar voru samskipti sambandsins við ríkisvaldið á vormánuðum með nokkuð öðrum og hætti en vant er.

Að afloknum kosningum til Alþingis 12. maí var mynduð ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar. Á meðan viðræður um stjórnarmyndun stóðu yfir sendi sambandið formönnum stjórnarflokkanna áherslur sínar í nokkrum mikilvægum málum sem það taldi að ættu erindi inn í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Þótt þær áherslur hafi ekki allar ratað inn í stjórnarsáttmálann er þar í meira mæli vikið að málefnum sveitarfélaganna en áður hefur verið gert í stjórnarsáttmálum fyrir ríkisstjórna.

Þegar nýtt Alþingi kom saman í júní sendi sambandið öllum nýkjörnum alþingismönnum óskir um velfarnað í störfum með væntingum um góð samskipti og lýsti sig jafnhliða reiðubúið til að veita þeim allar þær upplýsingar sem það hefur tiltækar eða hefur tök á að afla um stöðu og starfsemi sveitarfélaganna í landinu. Jafnframt fylgdu helstu áherslur sambandsins í samskiptum þess við Alþingi og ríkisstjórn í átta tilgreindum atriðum.

## Breytingar á stjórnarráði

Við myndun ríkisstjórnarinnar voru kynntar breytingar á verkaskiptingu innan stjórnarráðsins sem tóku

gildi um áramótin 2007–2008 en þá fluttust m.a. málefni sveitarfélaganna til samgönguráðuneytisins frá félagsmálaráðuneytinu þar sem þau hafa verið vistuð allt frá árinu 1946 þegar það ráðuneyti var formlega stofnað. Sambandið lagði mikla áherslu á að sveitarstjórnarmála væri getið í nafni þess ráðuneytis sem fer með þann málaflokk og að áfram væri rekin öflug skrifstofa sveitarstjórnarmála í því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga.

## Fundir með nýjum ráðherra

Fljótlega eftir að ríkisstjórnin hafði verið mynduð bauð sambandið nýjum samgönguráðherra í heimsókn í tilefni þess að hugmyndir voru uppi um að málefni sveitarfélaganna flyttust til samgönguráðuneytisins. Þar voru ráðherra kynnt ýmis stefnumál og áherslur sambandsins í einstökum málum og farið yfir samskipti þess við ráðuneyti sveitarstjórnarmála. Auk þess var starfsemi sambandsins kynnt á fundinum.

Hliðstæður fundur var haldinn með umhverfisráðherra þar sem fyrst og fremst var farið yfir ýmis samskiptamál sambandsins og sveitarfélaganna við umhverfisráðuneytið.

Auk framangreindra funda áttu forystumenn sambandsins ýmsa fleiri fundi á árinu með öðrum ráðherra ríkisstjórnarinnar m.a. félagsmálaráðherra, menntamálaráðherra, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra. Á þeim fundum voru rædd ýmis samskiptamál sambandsins og sveitarfélaganna við hlutaðeigandi ráðuneyti, auk ýmissa fjármálaþega samskipta ríkis og sveitarfélaga.

Stykkishólmsskirkja





## Verkaskiptamál

Á XX. landsþingi sambandsins, sem haldið var á Akureyri 2006, var mörkuð sú stefna að flytja ætti til sveitarfélaganna verkefni sem teljast til nærþjónustu við íbúana og sveitarfélögin veiti þannig íbúum sínum heildstæða þjónustu. Jafnframt kom afdráttarlaust fram að sveitarfélögin væru tilbúin til að taka við fleiri verkefnum frá ríkinu.

Til að vinna úr tillögum landsþingsins skipaði stjórnin sérstaka stefnumótunarnefnd sem skilaði niðurstöðum sínum til stjórnarinnar í upphafi árs 2007. Verkaskiptamálin voru síðan mikið til umfjöllunar í stjórn sambandsins á árinu 2007. Þau mál voru m.a. tekin til umfjöllunar á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga sem haldinn var í febrúar 2007. Niðurstaða fundarins var að leggja af stað í sameiginlega vinnu og skoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Miðað verði við óbreytta sveitarfélagaskipan og ekki gert ráð fyrir sérstöku átaksverkefni í sameiningu sveitarfélaga í tengslum við endurskoðun verkaskiptingarinnar. Einnig var rætt um nauðsyn þess að fækka gráum svæðum í verkaskiptingunni þar sem óljóst væri hvort ríki eða sveitarfélög ættu að sinna tilteknum verkefnum. Í febrúar 2007 skrifaði sambandið ríkisstjórninni bréf þar sem lagt var til að það ásamt ríkisstjórninni hefji sameiginlega vinnu við skoðun á breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og að því verði unnið í samræmi við tillögur sem tilgreindar voru í bréfinu. Þar var m.a. lagt til að skipuð yrði verkefnisstjórn og sérstakar verkaskiptanefndir um málefni fatlaðra og málefni aldraðra.

Við þessari beiðni var orðið og verkefnisstjórnin skipuð í mars 2007. Einnig skipaði félagsmálaráðherra verkaskiptanefnd um málefni fatlaðra og heilbrigðis- og tryggingaráðherra skipaði verkaskiptanefnd um þjónustu við aldraða.

Verkaskiptanefnd um málefni fatlaðra hélt nokkra fundi á árinu, vann álitserð og drög að niðurstöðum sínum, dagsett í nóvember 2007, en lauk ekki störfum. Verkaskiptanefnd um öldrunarþjónustu kom einungis tvisvar saman á árinu og lauk því ekki störfum.

Verkefnisstjórnin skilaði minnisblaði um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála til félagsmálaráðherra í desember 2007. Þar er lagt til að áfram verði unnið að því að undirbúa flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga á grundvelli stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Lagt er til að verkefnisstjórnin hafi áfram yfirstjórn með undirbúningi verkaskiptanna og að undir henni starfi þrjár undirnefndir. Nefnd um þjónustu við fatlaða starfi áfram. Félags- og tryggingamálaráðherra skipi nefnd um þann hluta þjónustu við aldraða sem flyst til félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðherra nefnd til að fjalla um heilbrigðisþátt öldrunarþjónustunnar.

## Tekjustofnamál

Í ályktun um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á landsþingi sambandsins 2006 er því beint til stjórnar sambandsins að taka upp viðræður við ríkisstjórnina um þá kröfu að rekstur sveitarfélaga verði treystur með fleiri tekjustofnum, svo sem hlutdeild í fjármagnstekjum og skattgreiðslum einkahlutafélaga. Tekjustofnamálin

*Á Möðrudalsöræfum.*



voru tekin upp við ríkisstjórnina á ýmsum fundum m.a. á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga. Sérstök áhersla var lögð á að sveitarfélögin fengju hlutdeild í fjármagnstekjuskatti og skattgreiðslu einkahlutafélaga. Jafnframt var því sjónarmiði haldið fram í greinum í tímaritinu Sveitarstjórnarmálum, á fundum landshlutasamtaka sveitarfélaga og með ýmsum öðrum hætti.

Sú viðleitni bar þó ekki árangur á árinu 2007 að öðru leyti en því að í samræmi við viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og sambandsins frá því í mars 2007 var árlegt sérstakt aukaframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækkað tímabundið úr 700 m.kr. í 1.400 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Úthlutun 1.400 m.kr. aukaframlags á árinu 2007 fór fram í desember á því ári.

Á fundi stjórnar sambandsins í desember 2007 var samþykkt ályktun þar sem því er beint til ríkisstjórnarinnar að ráðherra sveitarstjórnarmála verði falið að skipa nú þegar nefnd fulltrúa ríkisstjórnarinnar og sambandsins sem hafi það verkefni að fara yfir skiptingu tekjustofna og fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Tillögunni fylgdi ítarleg greinargerð þar sem raktar eru helstu ástæður nauðsynjar þess að ráðast þurfi í að vinna að því verkefni.

## Fjármálaleg samskipti og önnur samskipti við ríkisvaldið

Samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga var haldinn í febrúar 2007. Fundurinn var sá fyrsti sem haldinn er í samræmi við samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga frá því í

febrúar 2006 og var því með breyttu fyrirkomulagi frá því sem áður hefur verið. Fundinn sátu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra ásamt fimm stjórnarmönnum, auk nokkurra starfsmanna félagsmála- og fjármálaráðuneyta og sambandsins. Á fundunum var rætt um efnahags- og kjaramál, tekjustofna sveitarfélaga og þróun í fjármálum sveitarfélaga, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga o.fl.

Í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og sambandsins sem undirrituð var í mars 2007 kemur m.a. fram að unnið verði að setningu fjármálareglna fyrir sveitarfélögin. Samráðsnefnd um efnahagsmál hefur fjallað um fjármálareglur fyrir sveitarfélögin og hafa fulltrúar ríkisins lagt áherslu á að þær tækju mið af fjármálareglum ríkisins en fulltrúar sveitarfélaganna talið að þær ættu fyrst og fremst að lúta að innri fjármálum sveitarfélaganna og meðferð fjármuna þeirra.

Einnig kemur fram í yfirlýsingunni að ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna „að því gefnu að afkoma ríkissjóðs leyfi, til að skoða með jákvæðum hætti möguleika á lækkun á skuldum þeirra sveitarfélaga sem sett hafa sér fjármálareglur og farið eftir þeim“. Það mál hefur verið lauslega rætt í samráðsnefnd um efnahagsmál en engar tillögur að útfærslu lágu fyrir í árslok.

Eins og undanfarin ár var á þessu ári komið á framfæri við fjárlaganefnd ýmsum athugasemdum við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2008 um mál sem snúa að fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, m.a. um stuðning við fráveituframkvæmdir, endurgreiðslu virðisaukaskatts af slökkvibúnaði, endurgreiðslur vegna veiða á ref og mink, framlög vegna sameiningar sveitarfélaga og fjárvöntunar Varasjóðs húsnæðismála.

*Aflaskerðing kom hart niður á mörgum sveitarfélögum.*





Ekki var tekið tillit til óska eða tillagna sambandsins við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2008.

Lækkun fasteignaskattshlutfalls af fasteignum ríkisins kom til umræðu milli fulltrúa sambandsins og ríkisstjórnarinnar skömmu fyrir frestun fundu Alþingis í desember 2007. Fjármálaráðherra taldi að sveitarfélögin fengju meiri tekjur af þeim skatti en reiknað var með í tillögum tekjustofnanevndar frá árinu 2005. Fulltrúar sambandsins vísuðu til þess að málið væri allt of seint fram komið, einstök sveitarfélög hefðu þegar samþykkt sínar fjárhagsáætlanir og ef taka ætti upp þessa löggjöf ætti jafnframt að fara fram endurskoðun á annarri löggjöf sem sett hefði verið og reynst sveitarfélögunum óhagstæð þar sem byggt hefði verið á kostnaðarupplýsingum sem ekki stóðust. Ekki varð af lækkun álagningarhlutfalls skattsins en líklegt að umræða þar um haldi áfram í byrjun ársins 2008. Stjórn sambandsins ákvað á fundi sínum í apríl 2007 að láta fara fram könnun á kostnaðaráhrifum laga og reglugerða á tímabilinu 1997–2007 og taka það efni saman í skýrslu. Nefnd með fjármálastjórum nokkurra sveitarfélaga var komið á fót til að vera hag- og upplýsingasviði sambandsins til ráðgjafar um framkvæmd málsins. Nefndin kom saman þrisvar á árinu en verkefninu er ekki lokið.

Í vinnu við gerð umsagna um þingmál hefur sambandið það sjónarmið að leiðarljósi að löggjöf eigi í meginatriðum að vera rammalöggjöf og að lög séu þannig úr garði gerð að sveitarfélögin hafi frelsi til að sinna verkefnum sínum m.a. með tilliti til ólíkra aðstæðna í sveitarfélögunum. Misjafn skilningur er á því sjónarmiði hjá Alþingi og í ráðuneytum sem vinna að

gerð lagafrumvarpa og löggjöf er í of miklum mæli bæði óþarflega stýrandi og ítarleg um framkvæmd mála. Mikil áhersla var lögð á þetta atriði í umfjöllun um frumvörp til laga um grunnskóla og laga um leikskóla. Að vissu marki er í þeim frumvörpum komið til móts við sjónarmið sambandsins þótt enn séu frumvörpin í mörgum atriðum of ítarleg og bindandi fyrir sveitarfélögin.

Í tengslum við verkefnið um Einfaldara Ísland var í nóvember 2007 gefin út handbók fyrir ráðuneyti um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Í handbókinni er m.a. lögð áhersla á mikilvægi samráðs við hagsmunaaðila við undirbúning og gerð frumvarpa og að fram fari mat á áhrifum fyrirhugaðrar löggjafar, m.a. á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, fjárhag sveitarfélaga og sjálfsforræði þeirra. Sambandið mun leitast við að fylgja því eftir að farið verði að þessum leiðbeiningum.

Sambandið tók þátt í samstarfsverkefni með forsætisráðuneytinu um úttekt á opinberum vefjum og voru niðurstöður kynntar undir lok ársins.

## XXI. landsþing sambandsins

XXI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldið í Rúgbrauðsgerðinni í Reykjavík 23. mars 2007. Á þingið mættu 122 fulltrúar af 155 frá 72 sveitarfélögum. Þá sátu þingið 38 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétti, samkvæmt 7. gr. laga sambandsins, auk starfsmanna og gesta.

Yfirskrift þingsins var að þessu sinni Verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga - hvers vegna – hvað – hvernig? Flutt voru framsöguerindi um stöðu og horfur í

*Sumardagur í Vöðlavík.*



breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, samþættingu velferðarþjónustunnar, reynsluna af samningum um tekjustofna í tengslum við verkefnatilfærslu og hvernig réttast sé að standa að verkefnaflutningi. Gestur þingsins var lögfræðingur frá sveitarstjórnarskrifstofu finnska innanríkisráðuneytisins, sem flutti erindi um breytingar á sveitarstjórnarstiginu í Finnlandi.

Á landsþinginu 2007 voru samþykktar tvær tillögur um verkaskiptamál þar sem fram kemur að flutningur reksturs framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga muni hafa margvíslega kosti í för með sér og að flutningur málefna aldra, fatlaðra og heilsugæslu þoli enga bið. Í meginatriðum eru tillögunar í samræmi við áherslur XX. landsþings sambandsins á árinu 2006 en þar segir m.a. „Stefnan á að vera að flytja til sveitarfélaganna verkefni sem teljast til nærþjónustu við íbúana og veita íbúum heildstæða þjónustu“.

### Stjórnarfundir og afgreiðsla mála

Að jafnaði fundar stjórn sambandsins einu sinni í mánuði nema í júlí. Í ár var reglulegur stjórnarfundur í maí felldur niður vegna kosninga til Alþingis, en 5 af 11 stjórnarmönnum voru í framboði til Alþingis. Stjórnin hélt því samtals 10 bókaða fundi á árinu. Auk þess var haldinn sérstakur vinnufundur stjórnarinnar á Ísafirði, í tengslum við hefðbundin stjórnarfund sem þar var haldinn. Á vinnufundinum var farið yfir ýmis málefni og starfsemi sambandsins. Auk þess hélt stjórnin einn fund með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga í nóvember. Á fundum stjórnarinnar voru bókuð samtals 210 mál.

### Stjórn sambandsins

Fimm stjórnarmenn létu af störfum á árinu þar sem þeir höfðu allir verið kjörnir til setu á Alþingi. Það voru þau Árni Þór Sigurðsson, Björk Guðjónsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir. Upp úr miðju ári tóku varamenn þeirra sæti í stjórninni þau Svandís Svavarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Gunnar Einarsson og Dagur B. Eggertsson. Stefán Jón Hafstein, sem kjörinn var varamaður í stjórn fyrir Steinunni Valdís Óskarsdóttur á landsþingi sambandsins 2006, lét af störfum borgarfulltrúa tímabundið á árinu og sagði af sér sem varamaður í stjórn og tók Dagur B. Eggertsson hans sæti. Á landsþingi 2008 verða nýir aðalmenn í stjórn kosnir í stað þeirra sem létu af störfum á árinu og sömuleiðis nýir varamenn í stað þeirra sem hugsanlega verða kosnir aðalmenn.

### Umsagnir um þingmál

Alþingi sendi sambandinu fjölmörg lagafrumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar á árinu. Látnar voru í té umsagnir um 17 lagafrumvörp og eina þingsályktunartillögur. Má þar nefna frumvörp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda, almannavarnir, veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, skipan verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, breytingu á vegalögum, breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna o.m.fl. Umsagnirnar eru aðgengilegar á heimasíðu sambandsins.

*Vinnufundur stjórnar fór fram á Ísafirði í ágúst.*





Á árinu átti sambandið aðkomu að gerð þýðingarmikilla frumvarpa sem ýmist voru lögð fram á Alþingi í lok árs eða biðu framlagningar á vorþingi. Þar ber hæst frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, sem menntamálaráðherra mælti fyrir á Alþingi í lok haustþings 2007. Einnig mun umhverfisráðherra mæla fyrir frumvörpum til skipulagslaga og laga um mannvirki á vorþingi 2007.

Í samskiptum við ráðuneyti og Alþingi hefur sambandið lagt áherslu á að stjórnarfrumvörp sem fela í sér nýjar skyldur eða önnur fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin séu kostnaðarmetin í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2005. Samkomulagið virðist ekki hafa verið kynnt nægilega vel í upphafi fyrir starfsmönnum stjórnarráðsins en þeim frumvörpum fer nú fækkandi sem ekki eru kostnaðarmetin. Alþingismenn hafa veitt sambandinu ágætt lið í að framfylgja samkomulaginu og má vænta þess að afgreiðslu þingmála verði í framtíðinni frestað þar til kostnaðarmat liggur fyrir um þau frumvörp sem falla undir samkomulagið.

## Sameiginleg framtíðarsýn í skólamállum

Á vormánuðum 2007 hófst samstarfsverkefni sambandsins, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands um mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar í skólamállum, í kjölfar undirritunar samkomulags FG, Sí og Launanefndar sveitarfélaga um viðbrögð við grein 16.1 í kjarasamningi aðila.

Hluti samkomulagsins innifól markmið og tvíþætta aðgerðaáætlun sem unnið hefur verið samkvæmt síðan. Tilgangur var fyrst og fremst sá að stuðla að bættu og breyttu vinnulagi og samskiptum aðila, útvíkka umræðuna og leggja áherslu á að fram færi sameiginleg umræða um faglega þætti, sem kjaralega, og sem áhrif hefðu til jákvæðrar þróunar skólastarfs.

Aðgerðaáætlunin fól í sér að aðilar ynnu sameiginlega að mótun framtíðarsýnar fyrir grunnskólann annars vegar og hins vegar að greiningu á kjarasamningi. Alls komu 23 aðilar frá ofangreindum þremur aðilum að vinnu við mótun framtíðarsýnar og skipuð var þriggja manna verkefnisstjórn. Hrönn Pétursdóttir MBA var fengin til að stýra starfinu. Sá hópur hefur lokið störfum og skilað af sér skýrslu: Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007–2020. Þeirri stefnumörkun fylgja tillögur að markmiðum, mælikvörðum, viðmiðum og aðgerðum. Formleg samþykkt og staðfesting stjórna á stefnumótun þessari liggur ekki fyrir enda skilningur allra aðila sá að niðurstöður skýrslunnar fái kynningu og umræðu í hópi hagsmunaaðila áður en til þess kemur.

Ákveðið hefur verið að kynna niðurstöðu vinnu við mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar í skólamállum með fundum í öllum landshlutum fyrri hluta árs 2008, tilganginn með starfinu og þau áhrif sem því er ætlað að hafa til jákvæðrar þróunar skólastarfs í sátt þeirra hagsmunaaðila sem að því standa. Verkefnisstjórn hefur unnið að skipulagningu og framkvæmd fundaraðarinnar í samstarfi landshlutasamtaka sveitarfélaga, svæðafélaga kennara og skólaskrifstofa.

*Akureyri speglast í Eyjafirði við sólarlag.*



## Kjaraviðræður

Einungis fóru fram kjaraviðræður við Félag íslenskra náttúrufræðinga á árinu 2007. Á hinn bóginn héldu áfram viðræður frá árinu áður við KÍ vegna forsenduákvæðis í kjarasamningi aðila fyrir grunnskólann. Í mars 2007 var undirritað samkomulag sem felur í sér ákveðnar kjarabreytingar auk þess sem gildandi kjarasamningur var framlengdur til loka maí 2008. Tímasett aðgerðaáætlun er hluti samkomulagsins. Kjarasvið sambandsins, ásamt forystumönnum grunnskólakennara og skólastjórnenda, vann á árinu að framkvæmd aðgerðaáætlunar, sem er hluti samkomulags aðila frá því í mars 2007 vegna forsenduákvæðis gildandi kjarasamnings. Í aðgerðaáætluninni, auk ákvæðis um mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar, er ákvæði um mikla greiningar- og samanburðarvinnu á kjörum grunnskólakennara og skólastjórnenda til að undirbúa næstu kjarasamningsgerð. Þessi sameiginlega vinna gekk mjög vel.

## Gildandi kjarasamningar og umboð

Launanefnd sveitarfélaga hafði við lok ársins 2007 rúmlega 500 fullnaðarumboð frá öllum sveitarfélögum landsins og ýmsum stofnunum á vegum þeirra. Auk þess hefur launanefndin lögbundið hlutverk að semja við stéttarfélag tónlistarskólakennara. Gildandi kjarasamningar á vegum nefndarinnar við stéttarfélög eða sambönd þeirra á árinu 2007 voru 75 og náðu til um 13.800 stöðugilda hjá sveitarfélögum en Reykjavíkurborg annast sjálf samningsgerð vegna um 5.400 stöðugilda. Allir kjarasamningar LN renna út á árinu 2008. Kjarasamningur við KÍ fyrir grunnskóla

rennur út í maí-lok 2008 en allir aðrir í lok nóvember 2008.

## Starfsmat

Starfsmenn sveitarfélaga sem fengu starfsmatsniðurstöðu í lok ársins 2004 áttu kost á því að óska eftir endurmati með rökstuðningi. Endurmatsferlið hófst á árinu 2006 og lauk í október 2007. Alls bárust um 200 endurmatsbeiðnir frá 38 sveitarfélögum. Tveir starfsmatssérfræðingar kjarasviðs unnu eingöngu við þetta verkefni og fengu sér til aðstoðar um nokkurra mánaða skeið sérfræðing sem Akureyrarbær lagði til á sinn kostnað. Tillögur sérfræðinganna um afgreiðslu þessara endurmatsbeiðna voru samþykktar af fulltrúum samningsaðila.

## Samráðsfundir um kjaramál

Á grundvelli samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga var stofnað til sérstakrar fjögurra manna samráðsnefndar þar sem sviðsstjóri og lögfræðingur kjarasviðs eiga sæti ásamt tveimur fulltrúum ríkisins. Víðtækari en óformlegri samráðsvettvangur hefur verið til staðar undanfarin ár þar sem sviðsstjóri kjarasviðs, formaður LN og fulltrúi Reykjavíkurborgar mæta fyrir hönd sveitarfélaga með tveimur fulltrúum frá ríki og tveimur frá SA. Þar er farið yfir þróun og stöðu mála á vinnumarkaði.

Einnig var náin samvinna við fulltrúa ríkisins um hugsanlega endurskoðun á vinnutímakafla kjarasamninga. Að auki hafa sérfræðingar kjarasviðs átt sæti í nokkrum nefndum og stjórnnum á sameiginlegum vettvangi aðila vinnumarkaðarins, tilnefndir sem

*Almenningssamgöngur voru mikið í umræðunni á árinu 2007.*





fulltrúar sambandsins eða launanevndar, s.s. um lífeyrismál, jafnlaunamál, atvinnuleysismál og vegna símenntunar.

## Kjararannsóknir

Unnið var áfram eins og undanfarin ár að því markmiði að stundaðar verði vandaðar, samræmdar og óumdeildar kjararannsóknir fyrir allan vinnumarkaðinn á Íslandi. Málið hefur þokast áfram. Líklegt er að Hagstofa Íslands yfirtaki verkefni Kjararannsóknarnevndar opinberra starfsmanna (KOS) til að tryggja að sambærilegar rannsóknir fari fram en hagstofan annast kjararannsóknir fyrir hinn almenna vinnumarkað. Einnig hefur sviðsstjóri kjarasviðs tekið sæti í notendahóp hagstofunnar um vinnumarkaðstölfræði. Kjarasvið hefur auk þessa kallað eftir launaupplýsingum frá sveitarfélögum og fleiri aðilum til rannsóknar í tengslum við greiningu og samanburð á kjörum grunnskólakennara við launakjör annarra háskólamenntaðra starfsmanna sveitarfélaga.

Kjarasvið sambandsins ásamt KÍ vann á árinu að aðgerðaáætlun, sem er hluti samkomulags aðila frá því í mars 2007 vegna framkvæmdar á forsenduákvæði gildandi kjarasamnings, ber samningsaðilum að skilgreina sameiginleg samningsmarkmið við upphaf kjaraviðræðna sem hefjast snemma í febrúar 2008. Þess vegna mun LN ekki fastsetja markmið sín fyrir þessar viðræður en í stað þess leggja fram hugmyndir og tillögur vegna sameiginlegrar markmiðssetningar.

Í fyrrgreindri aðgerðaáætlun eru ákvæði um mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar sveitarfélaga, kennara og skólastjórnenda til að stuðla að jákvæðri skólaþróun.

Sameiginleg vinna við þetta verkefni hefur gengið mjög vel. Sama gildir um sameiginlega vinnu á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar sem lýtur að nákvæmri greiningu á kjarasamningi aðila og kjörum grunnskólakennara í samanburði við kjör hjá sambærilegum háskólahópum.

## Drög að stefnu sambandsins í skólamálum

Skólamálanefnd sambandsins vann á árinu 2007 að undirbúningi að stefnu þess í skólamálum. Nefndin hefur fengið ýmsa fagaðila til ráðgjafar við sig í því máli og stjórn sambandsins fylgst með framgangi þess. Drög að stefnu sambandsins í skólamálum voru tekin til umfjöllunar á skólaþingi sambandsins sem haldið var í nóvember 2007 en þau voru ekki frágengin fyrir árslok.

## Verkefni á sviði úrgangsmála

Á árinu var gert samkomulag milli sambandsins, einstakra sveitarfélaga og fyrirtækja sveitarfélaga sem sinna úrgangsmálum um tilraunaverkefni til þriggja ára um aukna hagsmunagæslu fyrir hönd sveitarfélaga á sviði úrgangsmála. Verkefnisstjóri hefur verið ráðinn og tók hann til starfa í ársbyrjun 2008. Einnig hefur verið skipuð sex manna verkefnisstjórn sem mun hafa yfirumsjón með verkefninu. Markmið verkefnisins eru m.a. að vinna að mótun sameiginlegrar stefnu sveitarfélaga í úrgangsmálum og auka áhrif sveitarfélaga við stefnumótun í málaflokknum. Áætlaður kostnaður við verkefnið er 10 m.kr. á ári.

*Börn að leik við Varmalandsskóla í Borgarfirði.*



## Aflasamdráttur og mótvægisáðgerðir

Skömmu eftir að ríkisstjórnin tilkynnti sumarið 2007 um niðurskurð á aflaheimildum í þorskveiðum á fiskveiðiarinu 2007–2008 fékk sambandið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að taka saman upplýsingar um áhrif aflasamdráttarins á einstök sveitarfélög. Skýrsla stofnunarinnar var gefin út á haustdögum 2007, kynnt á fjármálaráðstefnu sambandsins í nóvember og er aðgengileg á heimasíðu þess.

Ríkisstjórnin tilkynnti mótvægisáðgerðir sínar vegna aflasamdráttar í þorskveiðum haustið 2007. Þær fela m.a. í sér að á árunum 2007–2009 verður 750 m.kr. varið til framlaga til sveitarfélaga og hafnarsjóða sem verða fyrir skerðingu tekna vegna samdráttarins. Sambandið var ekki haft með í ráðum þegar þær ákvarðanir voru teknar.

Í desember fékk stjórn sambandsins síðan til umsagnar tillögu félagsmálaráðuneytisins um úthlutun 250 m.kr. framlags til sveitarfélaga á árinu 2007 vegna niðurskurðar aflaheimilda á næsta fiskveiðiarinu. Stjórnin kom á framfæri ábendingum við tillöguna til ráðuneytisins og voru umræddir fjármunir greiddir til sveitarfélaganna skömmu fyrir síðustu áramót.

## Staðardagskrá 21

Í ársbyrjun endurnýjuðu sambandið og umhverfisráðuneytið samning sín í milli um áframhaldandi samstarf um Staðardagskrárverkefnið og gildir samstarfssamningurinn til ársloka 2009. Samtímis var gengið frá þriggja ára samningi sambandsins við

Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. í Borgarnesi um framhald sérfræðiráðgjafar fyrirtækisins fyrir sambandið um Staðardagskrá 21, innleiðingu og framkvæmd þess verkefnis, verður því áfram sinnt með líkum hætti og verið hefur næstu þrjú árin. Sérstakt verkefni um Staðardagskrá 21 í fámennum sveitarfélögum verður rekið samhliða á sama tímabili, en það verkefni er fjármagnað af umhverfisráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu vegna Byggyðaaætlunar.

## Leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum

Í apríl-lok barst sambandinu erindi formanns nefndar ríkisstjórnarinnar sem fjallar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Þar var gerð grein fyrir einni af tillögum nefndarinnar en í henni er því beint til stjórnar sambandsins að hún beiti sér fyrir því að starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði flutt til Vestfjarða.

Stjórn sambandsins taldi að áður en hún beitti sér fyrir því að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði flutt til Vestfjarða þyrftu að liggja fyrir upplýsingar um áhrif flutningsins á rekstur og innheimtuárangur stofnunarinnar. Til að komast að niðurstöðu í því efni ákvað stjórnin að skipa þriggja manna starfshóp er léti fara fram athugun á áhrifum flutnings stofnunarinnar, m.a. á rekstur hennar og innheimtuárangur. Eftirtaldir voru valdir í starfshópinn: Smári Geirsson, stjórnarmaður í sambandinu, Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga, og Valgarður Hilmarsson, sem sæti á í ráðgjafarnefnd um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

*Hestur á beit í Skagafirði.*





Starfshópurinn ásamt sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins unnu skýrslu um málið þar sem fram kemur að tveir af þremur í starfshópnum eru fylgjandi því að hluti af starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði fluttur til Ísafjarðar en einn er því andvígur. Í skýrslu segir að ekki sé skynsamlegt að flytja stofnunina í heild sinni frá Reykjavík en aftur á móti eigi að vera mögulegt að flytja hluta af starfseminni, 6 til 8 störf, til Ísafjarðar.

Á fundi stjórnar sambandsins í nóvember samþykkti stjórnin að taka undir álit meirihluta starfshópsins um flutning Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Ísafjarðar og því beint til stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga að hún vinni að skipulagsbreytingum á stofnuninni með það að markmiði að hluti starfseminnar flytjist þangað.

## Erlend samskipti

Brussel-skrifstofa sambandsins flutti í nýtt Evrópuhús sveitarfélaga í mars. Húsið var formlega vígt í byrjun júní. Mörg hundruð gestir tóku þátt í opunarhátíðinni, þ. á m. formaður sambandsins og framkvæmdastjóri. Enn fremur sendiherra Íslands og fulltrúar í fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Alls hafa um tuttugu sveitarfélagasambönd frá jafnmörgum löndum í Evrópu, fimmtán borgir, Evrópusamtök sveitarfélaga (CEMR) og Samtök evrópskra borga (Eurocities) aðsetur í húsinu. Öll norrænu sveitarfélagasamböndin hafa skrifstofu á sömu hæð í húsinu.

Sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði og skólafulltrúi fóru á Kommunal skollriksdag í Svíþjóð í mars og áttu

gagnlega fundi með starfsfólki skólamála bæði hjá danska og sænska sveitarfélagasambandinu.

Vinnuréttarlögfræðingar norrænu sveitarfélagasambandanna funduðu í Reykjavík í maí. Í júní var haldinn á Selfossi norræn vinnuveitendaráðstefna sveitarfélaga. Þessi ráðstefna er haldin reglulega til skiptis í löndunum. Kjörnir fulltrúar og starfsmenn norrænu sveitarfélagasambandanna sem starfa að vinnuveitendamálum sveitarfélaga taka þátt í ráðstefnunni.

Nokkur sveitarfélög tóku þátt í Evrópuráðsátaki gegn heimilisofbeldi sem sambandið miðlaði upplýsingum um.

Forstöðumaður Brussel-skrifstofu skipulagði fimm fræðsluferðir fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga til Brussel á árinu, þ.e. fyrir:

- Innkauparáð Reykjavíkurborgar o.fl. í maí;
- Formann alþjóðanefndar í júní;
- Heilbrigðisfulltrúa Reykjavíkurborgar o.fl. í september;
- Sveitarstjórnarmenn á Opnum dögum Héraðanefndar ESB í október;
- Félagsmálastjóra og formann Félagsmálastjóra á Íslandi í nóvember.

Forstöðumaður Brussel-skrifstofu tók á móti 10 hópum, alls 113 manns, á árinu og kynnti starfsemi skrifstofunnar. Í hópunum voru sveitarstjórnarmenn, alþingismenn, blaðamenn og háskólanemar.

Þróunar- og alþjóðasvið sá um að taka á móti átta erlendum hópum á árinu 2007, þ.e. þremur hópum

*Sólarlag við Sundin blá.*



Norðmanna, tveimur hópum Færeyinga, Kínverjum og Kanadamönnum frá Nýfundnalandi.

Framkvæmdastjóri sótti árlegan fund framkvæmdastjóra norrænu sveitarfélagasambandanna sem að þessu sinni var haldinn í Finnlandi í ágúst.

### Fundir, ráðstefnur, námskeið

Sambandið stendur árlega fyrir fundum, ráðstefnum og námskeiðum um margvísleg málefni, ýmist eitt og sér eða í samstarfi við aðrar stofnanir og félög. Undirbúningur og framkvæmd þessara funda og ráðstefna er í höndum starfssviða sambandsins. Alls sóttu um 1.200 manns fundi og ráðstefnur á vegum sambandsins á árinu 2007.

Í janúar til mars voru haldin námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn, nefndarmenn í nefndum sem fara með málefni skóla og félagsmálanefndir á Sauðárkróki, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, á Selfossi, í Keflavík, á Akureyri, í Vík í Mýrdal, á Ísafirði og í Reykjavík.

Gert var samkomulag við Alta um samstarf um námskeiðahald. Alta hélt tvö námskeið fyrir sveitarfélög í Borgarnesi og á Egilsstöðum með heitinu Skipulag sem stefna og stjórnæki.

XXI. landsþings sambandsins var haldið í mars og var þar fjallað um verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga.

Í apríl gekkst þróunar- og alþjóðasvið fyrir námsferð til Noregs og Danmerkur fyrir framkvæmdastjóra og fjármálastjóra sveitarfélaga. Ferðin skilaði m.a. því að fengnir voru sérfræðingar frá danska sveitarfélagasambandinu til að halda námskeið um

samningsstjórnun í ágúst. Alls tóku 48 þátt í námskeiðinu og var mikil ánægja með það.

Í maí var norræna skólamálaráðstefnan Brännpunkt Norden haldin í Reykjavík og voru þátttakendur um 200.

Í október átti sambandið aðild að ráðstefnu um menningar- og fjölskylduhátíðir sveitarfélaga sem haldin var á Akranesi.

Á grundvelli samþykktar alþjóðanefndar voru haldnar kynningar á stöðu sveitarfélaga gagnvart Evrópusambandinu á aðalfundum allra landshlutasamtakanna haustið 2007. Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs, forstöðumaður Brussel-skrifstofu, sviðsstjóri lögfræðisviðs og formaður alþjóðanefndar önnuðust kynningararnar.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin í byrjun nóvember og var fjölsótt að vanda. Í lok nóvember var II. skólaþing sveitarfélaga haldið þar sem rætt var um framtíðarskólann. Þá var sambandið aðili að afmælisráðstefnu félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um ný form lýðræðis í nóvember.

Samráðs- og kynningarfundur fyrir sameinuð sveitarfélög var haldinn í nóvember.

Í húsakynnum sambandsins, Borgartúni 30 í Reykjavík, voru haldnir um 480 skráðir fundir á árinu 2007.

### Útgefið efni og vefur sambandsins

Tímaritið Sveitarstjórnarmál kom út í átta tölublöðum á árinu 2007 og var sem undanfarin ári gefið út í samstarfi við Fremri – kynningarþjónustu ehf. á Akureyri.

Alls sóttu 1.200 manns fundi og ráðstefnur á vegum sambandsins á árinu 2007.



Í nóvember var gefin út *Skólaskýrsla 2007* sem sérfræðingar hag- og upplýsingasviðs tóku saman. Í skýrslunni eru birtar ýmsar tölulegar upplýsingar um skólamál, þ.e. leikskólann og grunnskólann. Skýrslan kom nú út í annað sinn og gefur hún möguleika á árlegum samanburði á ýmsum lykiltölum í skólahaldi.

*Árbók sveitarfélaga* var gefin út í 23. sinn í nóvember og var að flestu leyti með hefðbundnu sniði.

Sveitarfélögin í tölum er lítill bæklingur sem er gefinn út árlega í upphafi árs með ýmsum hag- og tölfræðilegum upplýsingum um sveitarfélögin. Þessi bæklingur er einnig gefinn út á ensku og sænsku.

Á árinu var unnið að endurútgáfu ritsins *Sveitarstjórnarlögin ásamt skýringum og athugasemdum* eftir Sesselju Árnadóttur, lögfræðing og MPA. Ritið var gefið út sem handrit í september til þess að sinna eftirspurn háskólanema. Ritið var tilbúið til prentunar í desember og kom út í janúar 2008.

Upplýsinga- og samskiptavefur sambandsins [www.samband.is](http://www.samband.is) er mikið notaður og voru síðuflettingar á árinu 2007 alls 492.379 og meðalfjöldi stakra notenda á mánuði reyndist 3.667. Í mars 2007 nýttu 5.926 manns sér vefinn. Unnið er að endurbótum á vefnum. Stefnt er að því verki ljúki á árinu 2008. Í þjónustu- og viðhorfskönnun sem Capacent framkvæmdi fyrir sambandið voru 74,3% þátttakenda ánægðir með vefinn.

## Úttekt á framtíðarhlutverki Bjargráðasjóðs

Á árinu var af hálfu stjórnar Bjargráðasjóðs unnið að athugun á framtíðarhlutverki sjóðsins. Á fundi stjórnar sambandsins í október var gerð grein fyrir stöðu þess máls og í bókun sem gerð var á fundinum kemur fram að stjórnin telur að starfsemi Bjargráðasjóðs sé miklu fremur atvinnumál tiltekinna starfsgreina en sveitarstjórnarmál. Af þeirri ástæðu og í ljósi þróunar á starfsemi sjóðsins á undanförunum árum leggur stjórnin áherslu á að áfram verði unnið að því á vegum stjórnar Bjargráðasjóðs að sveitarfélögin verði leyst undan fjármögnun og rekstri sjóðsins og að eignum hans og skuldbindingum verði skipt upp milli eigenda, sbr. bókun stjórnar Bjargráðasjóðs. Stjórn Bjargráðasjóðs vann áfram að málinu sem ekki var útkljáð á árinu.

## Um könnun á viðhorfi til starfsemi og þjónustu sambandsins

Í byrjun sumars 2007 fór fram könnun á viðhorfi til þjónustu og starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem framkvæmd var af Capacent GALLLUP. Könnunin var rafræn og fór fram á Netinu. Spurningum var beint til framkvæmdastjóra og oddvita allra sveitarfélaga og einnig til þeirra sem eru í forsvari fyrir skóla- og fræðslumálum, starfsmannahaldi og launamálum og stjórnarsýslu í sveitarfélögunum. Alls var úrtakinu beint að 261 þátttakanda og þar af svörðu 170 sem er 65,1% þátttaka. Svör þátttakenda og viðhorf má greina eftir því hvaða störfum þeir gegna og einnig má greina afstöðu svarenda eftir íbúafjölda sveitarfélaganna.

*Hreindýr í Kringilsárrana.*



